

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 30. apríl 2025
202504-0031/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum – Matskyldufyrirspurn - Sjóvörn við Belgsholt Skipulagsstofnun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 2. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Um er að ræða 155 m langa sjóvörn til varnar ágangs sjávar við Belgsholt í Hvalfjarðarsveit. Áætlað magn af grjóti og sprengdum kjarna til verksins er um 3.000 m³. Reiknað er með um 300 ferðum vörubíla með efni í verkið.

Náttúruminjaskrá

Náttúruverndarstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Melbakkar og Narfastaðaós og er númer 236 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: *Fjölbreyttar og lífauðugar fjörur. Stórfellt sjávarrof. Merkar jarðfræðiminjar frá lokum síðasta jökulskeiðs auk fornskelja. Mikið útivistar- og rannsóknargildi. Að mati Náttúruverndarstofnunar mun framkvæmdin hafa staðbundin áhrif á verndargildi svæðisins.*

Landslag, ásýnd og jarðminjar

Svæðið er á náttúruminjaskrá vegna merkar jarðfræðiminjar frá lokum síðasta jökulskeiðs auk fornskelja. Í greinargerð segir að grjótgarðurinn mun hafa áhrif á *ásýnd fjörunnar umfram það sem er í dag*. Náttúruverndarstofnun bendir á að ekki kemur fram hvort á framkvæmdarsvæðinu sé að finna fornskeljar.

Leifar lífvera sem finnast í ungum setlögum, mynduðum á nútíma (síðustu 12.000 árin), eru oft nefndar fornlífverur (e. subfossils) þar sem ekki er um eiginlega steingervinga að ræða. Það á til dæmis við um fornskeljar.¹

Mikilvæg fuglasvæði

¹ Steingervingar | Náttúrufræðistofnun Íslands

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan framkvæmdasvæðisins eru mikilvæg fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ og eru þau Borgarfjörður–Mýrar–Löngufjörur^{2,3,4}

Náttúruverndarstofnun bendir á að á þessum svæðum eru fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á válista og ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>)

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Í greinargerð segir að framkvæmdaraðila er ekki kunnugt um dýralíf á framkvæmdarsvæðinu. Vegna þeirra óvissu sem framkvæmdin mun hafa leggur Náttúruverndarstofnun það til að framkvæmdir séu fuglarannsóknir áður en sjóvarnir eru byggðar til að meta áhrif á fuglalíf.

Náttúruverndarstofnun bendir á að sjóvarnir geta skert aðgengi fugla að náttúrulegum búsvæðum, sérstaklega hjá strandfuglum sem reiða sig á fjörur til fæðuöflunar. Sumir fuglar, eins og sendlinga⁵ og sandlóa, treysta á leirur og fjörusand sem sjóvarnir gætu raskað.⁶

Náttúruverndarstofnun bendir á að ef sjóvarnir geta breytt náttúrulegum sjávarstraumum, gæti það haft áhrif á fæðuframboð fugla sem veiða í fjörum, t.d. kríur og æðarfugla. Breytingar á setmyndun geta dregið úr magni smádýra sem fuglar nærast á.⁷

Náttúruverndarstofnun bendir á að á framkvæmdatíma og við viðhald sjóvarna getur umferð vinnuvéla valdið hávaða og truflun, sem getur fælt fugla frá svæðinu. Aukning á umferð manna í kjölfar framkvæmda getur einnig leitt til fækkunar fugla á svæðinu á framkvæmdartíma.

Náttúruverndarstofnun bendir á að sjóvarnir geta breytt hvar fuglar ákveða að verpa. Ef náttúruleg hreiðursvæði eyðileggjast geta fuglar átt erfitt með að finna ný staðbundin varpsvæði.⁸

Sem mótvægisáðgerð leggur Náttúruverndarstofnun það til að m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma. Auk þess hvetur Náttúruverndarstofnun hönnuði til að hanna sjóvarnir, ef hægt er, sem munu valda sem minnstu riski á vistkerfinu og fuglalífinu.

Selalátur

² <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/borgarfjordur-myrar-longufjorur-0>

³ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/borgarfjordur-myrar-longufjorur>

⁴ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/borgarfjordur-myrar-longufjorur-1>

⁵ <https://www.ni.is/is/biota/animalia/chordata/aves/charadriiformes/sendlingur-calidris-maritima>

⁶ <https://fuglavefur.is/birdinfo.php?val=6&id=9>

⁷ <https://fuglavefur.is/birdinfo.php?val=1&id=37>

⁸ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/vesturland/myrar-longufjorur>

Náttúruverndarstofnun bendir á að í jaðri framkvæmdarsvæðisins eru selalátur, Melar, og nær talningarsvæðið til framkvæmdarsvæðisins (<http://selalatur.ni.is/>).

Náttúruverndarstofnun vill einnig benda á að selir eru skráðir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018). Þar er landselur flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur flokkaður sem tegund í hættu.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að sérstök aðgát skuli höfð í nánd við selalátur.

Náttúruverndarstofnun bendir á að vísað er í að sel sé jafnvel að finna á framkvæmdarsvæðinu (bls. 1) en engin umfjöllun er um hvort seli sé að finna á framkvæmdarsvæðinu og því er óvissa um áhrif framkvæmdanna á þá.

Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)

Í greinargerð er fjallað um framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár (B-hluta).

Náttúruverndarstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmæðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir svæðið til hliðsjónar þegar skipulagsáætlanir eru unnar og gert er umhverfismat, þegar áhrif á helstu umhverfispætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Lög um stjórn vatnamála

Náttúruverndarstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis- og orkumálaráðherra. Áætlanirnar gilda sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Náttúruverndarstofnunar: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaaetlun-2022-2027/>. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá

stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Mengun

Óljóst er að mati stofnunarinnar hvort gert sé ráð fyrir aðstöðu vegna áfyllingar olíu, hreinsiefna og annarra mengandi efna á svæðinu. Óljóst er einnig hvort að framkvæmdin sé háð starfsleyfi heilbrigðiseftirlits.

Aðrar framkvæmdir

Að mati Náttúruverndarstofnunar er nokkur óvissa um hvort þurfi að fara í frekari sjóvarnir á öðrum stöðum á ströndinni sem mun hafa aukin áhrif á lífríki verndarsvæðanna. Mikilvægt er að skoða þá þætti.

Niðurstaða

Varðandi eðli framkvæmdarinnar þá er hún ekki umfangsmikil í heild, efnistaka er óveruleg, en óvissa um áhrif mengunar. Varðandi staðsetningu er nokkur óvissa vegna skorts á gögnum, umfjöllun og rannsóknum eins og kemur fram að ofan. Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Náttúruverndarstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sveinn Kári Valdimarsson

sérfræðingur